

1115. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 18. júní 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Ólafía B. Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1114 fundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía lagði fram fundargerð 1114 fundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Viðar Ingason hagfræðingur VR fór yfir kaupmáttarþróun m.t.t. launþegahópa, starfsstétta og atvinnugreina. Bent var á að æskilegt væri að leggja sambærilegar upplýsingar fyrir stjórn VR eftir að hækkarnir nýlegra kjarasamninga verða farnar að koma í ljós. Umræður fóru fram samhliða kynningu Viðars.

3. Yfirferð á vinnulagi stjórnar

Ása Karín Hólm ráðgjafi hjá Capacent kom á fundinn og ræddi um vinnulag sem stjórn kom sér saman um að viðhafa í störfum sínum á vinnufundi stjórnar nýlega. Samþykktur og undirritaður var samskiptasamningur stjórnar VR.

4. Vinnureglur stjórnar lagðar fram til formlegrar samþykktar

Lagðar voru fram breytingar á vinnureglum stjórnar sem ræddar voru ítarlega á vinnufundi stjórnar. Vinnureglurnar voru samþykktar og undirritaðar. Þær verða síðan birtar á vef félagsins.

5. Undirbúningur fyrir ASÍ þing

Ólafía sagði frá því að þingið verður haldið dagana 22.-24. október á Hótel Hilton. VR mun eiga um 82 fulltrúa á þinginu. Ólafía mun setja inn upplýsingar fyrir stjórn VR á rafrænu formi um þingið og síðar verður opnuð vefsíða/vinnusíða fyrir fundinn. Rætt var um fyrirkomulagið á þinginu sjálfu og kom fram það sjónarmið að á liðnum þingum hafi umræður vinnuhópa ekki skilað sér í lokaniðurstöðum heldur hafi sérvaldir hópstjórar ASÍ verið búnir að semja lokaniðurstöður fyrirfram. Ólafía benti á að hægt væri að hafa áhrif á þetta með góðum undirbúningi. Rannveig var sama sinnis og taldi að eina leiðin væri að þingfulltrúar VR verði búnir að samstillast sig fyrir þingið og myndu hljóma þar sem ein rödd.

6. **Skóli lífsins – kynning á verkefni og ósk um breytingu á fjárhagsáætlun**
Ólafía kynnti nýtt verkefni „Skóli lífsins“ sem er ná fyrir ungt fólk sem er að fara á vinnumarkað. Lögð var fram kynning á verkefninu. Gert er ráð fyrir að prufukeyrsla fari fram n.k. haust og formleg starfsemi hefjist í nóvember n.k. Stofnkostnaður verkefnisins er áætlaður um 39,4 millj. kr. Ólafía óskaði eftir umræðum um verkefnið. Að loknum umræðum lagði Ólafía til að verkefnið yrði samþykkt og að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 yrði breytt þannig að aukning á útgjöldum yrði 39,4 millj. kr. Samþykkt samhljóða að fara í verkefnið og breyting á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

7. **Kaup á iðnaðarhúsnæði að Funahöfða 17A í Reykjavík**
Stefán kynnti aðdraganda þess að gert var tilboð í Funahöfða 17A. Húsnæðið er heldur stórt en einfalt er að selja annan eignarhlutann frá. Tilboð var gert með fyrirvara um samþykki stjórnar. Breytingar þarf að gera á húsnæðinu, helst þá að setja upp stóra hurð, útbúa kaffiástöðu og baðherbergi. Rekstrarkostnaður með fjárfestingakostnaði er áætlaðu um 1,3 millj. kr. á ári en núverandi kostnaður er um 2,9 millj. kr. á ári. Umræður fóru fram um tilboðið þar sem m.a. var bent á að rétt væri að leigja hlutann sem VR þarf ekki að nota í byrjun í stað þess að selja hann strax. Spurt var um hvort orlofssjóðurinn væri kaupandi og var því svarað til að í raun sé það þannig. Ólafía lagði til að framkv.stj. yrði treyst til að finna bestu leiðina til að útfæra eignarhald orlofssjóður vs. VR og hlaut það góðan hljómgrunn. Samþykkt var samhljóða að kaupa húsnæði að Funahöfða 17A í Reykjavík fyrir 25.900.000,- kr. og framkvæmdastjóra var veitt fullt umboð til að ganga frá kaupunum.

Fundi var slitið um kl. 20:30

Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir fundarritari